



Skagavegur (745-01) í Húnabyggð

Harrastaðir – Brunanáma

Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu

Hönnunardeild og Norðursvæði Vegagerðarinnar – mars 2025

Efnisyfirlit

1 Yfirlit	4
1.1 Almennt.....	4
1.2 Markmið framkvæmdar	5
1.3 Matsskylda	5
1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar	5
1.5 Rannsóknir.....	6
1.6 Staða skipulags.....	6
1.7 Verndarsvæði	8
1.8 Lög og leyfisveitendur	9
2 Staðhættir á framkvæmdasvæði.....	10
2.1 Staðhættir.....	10
2.2 Núverandi Skagavegur	11
2.3 Náma ES12	13
2.4 Samgöngur, umferðaröryggi og mengun.....	14
3 Kostir og framkvæmdalýsing.....	16
3.1 Kostir	16
3.2 Framkvæmdalýsing	16
3.2.1 Nýr vegur	16
3.2.2 Efnispörf.....	17
3.2.3 Efnistaka.....	17
3.2.4 Náma ES12 – Skeggjastaðir	18
3.2.5 Ræsi.....	19
3.3 Frágangur.....	19
3.4 Vinnubúðir og aðstaða verktaka	20
3.5 Mannaflapörf.....	20
3.6 Lagnir	20
3.7 Framkvæmdatími og kostnaður.....	20
3.8 Rekstur	20
4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir.....	22
4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum	22
4.1.1 Vegagerð.....	22
4.1.2 Efnistaka	22
4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum	22
5 Möguleg umhverfisáhrif	23
5.1 Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta.....	23
5.2 Landnotkun	24
5.3 Heilsa og öryggi	25
5.4 Verndarsvæði	25
5.5 Landslag og áskýnd.....	25
5.6 Jarðfræði og jarðmyndanir.....	26
5.7 Vatnshlot	27
5.8 Gróðurfar	30
5.9 Dýralíf.....	31
5.10 Fornleifar	32


5.11 Veður og náttúruvá	33
6 Mótvægisaðgerðir	35
6.1 Samráðsaðilar	36
7 Niðurstaða	37
8 Heimildir	38
9 Teikningar.....	39
10Fylgiskjöl.....	40

Loftmynd á forsíðu frá Loftmyndum ehf.
Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

1 Yfirlit

1.1 Almennt

Vegagerðin kynnir hér fyrirhugaðar framkvæmdir á tæplega 7 km löngum kafla á Skagavegi (745), milli Harrastaða og Brunanámu á Skagaströnd í Húnabyggð. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Engin breyting verður á legu hans.



↑ Mynd 1

Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis Skagavegar (745) á Skagaströnd.

Núverandi Skagavegur (745) er malarvegur sem víða uppfyllir ekki kröfur veghönnunarreglna.

Áætluð efnispörf endurbyggðs vegar er um 97 þús. m³ og er efnistaka fyrirhuguð úr þremur opnum námum í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Námunar eru allar á skipulagi og eru númer þeirra ES15 (Harrastaðasnáma), ES12 (Skeggjastaðir) og ES10 (Bruni 1).

Vegagerðin áætlað að vegurinn verði endurbyggður á árunum 2025 - 2026.

Kostnaðaráætlun er um 630 millj. kr. og er framkvæmdin fjármögnuð með fjárveitingu á samgönguáætlun til tengivega þar sem markmiðið er að styrkja og leggja bundið slitlag á umferðalitla tengivegi.

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

1.2 Markmið framkvæmdar

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamgöngur á svæðinu, auka umferðaröryggi íbúa og vegfarenda á Skagavegi (745) og stuðla að greiðari samgöngum á Skagaströnd.

Vegurinn verður hærri og breiðari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggum hliðarsvæðum.

Ekki er um styttingu að ræða heldur fyrst og fremst vegabætur til að auka umferðaröryggi.

1.3 Matsskylda

Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðauka 1, tölulið 2.02 og 10.08, auk viðauka 2, tölulið 2iia og 2iic,:

2.02 Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.

Ein af námunum þremur, þ.e. ES12 (Skeggjastaðir) sem fyrirhugað er að nýta í endurbyggingu Skagavegar (745) mun fara yfir ofangreind stærðarmörk með því magni sem verður tekið til viðbótar við það efni sem þegar hefur verið tekið úr námunni.

10.08 Lagning nýrra vega eða enduruppbygging eða breikkun vega utan þéttbýlis sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.06 eða 10.07 sem eru a.m.k. 5 km.

Framkvæmdin verður um 7 km löng og fer því yfir þau mörk sem tilgreind eru í tölulið 10.08.

Þá mun framkvæmdin liggja innan verndarsvæða, þ.e. nærri fornminjum og í jaðri lítt raskaðs votlendis, sjá nánari umfjöllun í köflum 1.7 um verndarsvæði og 5.10 um fornminjar.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægisáðgerðum verður beitt og haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila.

1.4 Afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdar

Framkvæmdin afmarkast af byggingu vegarins og efnistöku.

Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer undir vegagerð er á tæplega 7 km löngum kafla Skagavegar (745).

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, vegna bættra og öruggari samgangna, nær til allra sem leið eiga um Skagaveg (745).

Skagavegur (745) er tengivegur og er veghelgunarsvæði hans 30 m breitt og nær 15 m út frá miðlínu til hvorrar handar. Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður að mestu innan veghelgunarsvæðis. Vegurinn verður aðallega lagður á fyllingu, en skeringar verða á stöku stað vegna lagfæringar á hæðar- og planlegu hans. Stærsta skeringin verður nyrst á framkvæmdasvæðinu, við nyrðri útboðsenda uppi á Brekknabrekku. Þar verður framkvæmdasvæðið um 35 m breitt. Stærsta fyllingin verður um 45 m breið við vegamót Brekknavegar (7425) og Skagavegar (745).

Náma ES12 er staðsett fast ofan Skagavegar (745) í landi Skeggjastaða. Náman er opin en námusvæðið afgirt og aðgengi frá Skagavegi um hlið ofan í námubotninn. Á námusvæðinu er athafnasvæði fyrir verktaka til efnisvinnslu auk lagersvæðis.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst, mótvægisáðgerðum verður beitt og haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila.

Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í útboðsgögnum.

Rekstur mannvirkisins og viðhald tekur við eftir að framkvæmd lýkur.

1.5 Rannsóknir

- Grafnar hafa verið rannsóknargryfjur og borað í klöpp á mögulegum efnistökusvæðum og sýni send í efnisrannsóknir.
- Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana auk þess sem grafnar hafa verið rannsóknargryfjur í núverandi veg og sýni send í rannsóknir. Gerðar hafa verið falllódsmælingar á núverandi vegi.
- Minjavörður Norðurlands vestra hefur kannað vegsvæðið m.t.t. fornminja og mun kanna efnistökusvæðin áður en til framkvæmda kemur.

Ekki er talin þörf á frekari rannsóknnum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

1.6 Staða skipulags

Þann 1. ágúst 2024 sameinuðust sveitarfélögin Skagabyggð og Húnabyggð og verður sveitarstjórn Húnabyggðar sveitarstjórn hins nýsameinaða sveitarfélags út þetta kjörtímabil.

Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030 liggur fyrir, staðfest þann 05.09.2011. Í greinargerð aðalskipulagsins, í kafla um samgöngumál bls. 62, kemur eftirfarandi fram:

Skagavegur nr. 745 sem er tengivegur, með óbundnu slitlagi, er ekki í góðu lagi. Vegurinn um Króksbjarg var endurbyggður á 2,5 km kafla sumarið 2009. Mikil þörf er á ofaniburði í Skagaveg. Það er víða grjót upp úr yfirborði vegarins og djúpar holur á milli steina svo segja má að hann sé illfær. Vegurinn er víða siginn og staða hans svo lág í umhverfinu að á honum verður mikil snjósöfnun á veturna þegar þannig viðrar. Brýnt er að byggja Skagaveg upp á næstu árum og leggja á hann bundið slitlag.¹

Í greinargerð með aðalskipulaginu er einnig birtur listi yfir námur í sveitarfélaginu. Ofan við námulistann stendur:


Sveitarstjórn hefur ekki veitt formlegt framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í eftirtöldum námum enda eru þær allar litlar og einkum notaðar vegna vegagerðar á svæðinu. Efnistaka næstu árin ræðst einkum af því hvort Vegagerðin fæst til að endurbyggja og styrkja Skagaveg sem mikil þörf er á og einnig hvort fjármunir fást til sjóvarna. Fjöldi námana er til hagræðis og sparnaðar fyrir Vegagerðina þar sem þá eru styttri akstursvegalemdir með efni.²

¹ TBB Teiknistofa, 2011.

² TBB Teiknistofa, 2011.

Á námulista sveitarfélagsins eru m.a. þær námur sem fyrirhugað er að nýta í framkvæmdina, þ.e. námur ES15, ES12 og ES10. Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir 30.000 m³ efnistöku úr námu ES12. Þegar hefur verið tekið efni úr námunni og ljóst að viðbótaefnistaka vegna endurbyggingar Skagavegar mun fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og því þarf að gera breytingu á skipulaginu í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr námunni.

Á sveitarfélagsuppdrætti með aðalskipulaginu má sjá fyrirhugað framkvæmdasvæði, auk annarra skipulagsþátta sveitarfélagsins, sjá mynd 2.



↑ Mynd 2

Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030, sveitarfélagsuppdráttur (TBB, 2011).

Eftirfarandi upplýsingar um skipulag á svæðinu eru fengnar úr greinargerð Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um landbúnaðarsvæði. Á því eru skilgreind sex efnistöku- og efnislosunarsvæði (ES) sem eru merkt inn á aðalskipulagsuppdrátt með ljósbrúnum hringjum, þ.e. svæði ES15, ES14, ES13, ES12, ES11 og ES10, sjá nánar í kafla 3.2.3 um efnistöku.

Tvö verslunar og þjónustusvæði (VP) eru skilgreind við fyrirhugað framkvæmdasvæði og merkt á skipulagsuppdrátti með ljósgulum hringjum, þ.e. VP5 og VP1, sjá nánar kafla 5.2 um landnotkun.

Eitt opið svæði til sérstakra nota (OS) er afmarkað á skipulagsuppdrátti með grænum hring, þ.e. OS2, sjá nánari upplýsingar í kafla 5.2 um landnotkun.

Tvö svæði undir þjónustustofnanir (PS) eru skilgreind á skipulagsuppdrátti með appelsínugulum hringjum, sjá nánar í kafla 5.2 um efnistöku.

Þá er eitt þjóðminjaverndarsvæði (PM) í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði, þ.e. PM1 og er það merkt með rauðum þríhyrning á skipulagsuppdrátti, sjá nánar kafla 5.10 um fornleifar.


1.7 Verndarsvæði

Fyrirhuguð framkvæmd mun liggja nærri verndarsvæðum, þ.e. **votlendi** og **friðlýstum fornminjum**.

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja (<https://serstokvernd.ni.is/>) kemur fram að nokkur lítt röskuð votlendissvæði, stærri en 2 ha og meira en 200 m frá skurðum á láglandi, liggja í nágrenni við núverandi Skagaveg (745), sjá mynd 3. Þau njóta verndar samkvæmt náttúruvernarlögum (nr. 60/2013).

Eitt votlendissvæði er sýnt fast við veginn. Svæðið næst veginum, við umrætt votlendi, er allt þurrt beggja vegna hans og engin hætta á frekara raski á votlendi á því svæði. Önnur votlendi eru í það góðri fjarlægð frá núverandi vegi að þau ættu ekki að verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.



↑ Mynd 3.

Sérstök vernd á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Appelsínugulir flákar eru votlendissvæði stærri en 2 ha og meira en 200 m frá skurðum á láglandi (Kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, 2024).

1.8 Lög og leyfisveitendur

Fyrirhuguð framkvæmd er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi Húnabyggðar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra vegna vinnslu jarðefna, landmótun og verktakaaðstöðu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, auk starfsmannabúða og mötuneytis samkvæmt reglugerð nr. 941/2002 og 93/1995.
- Framkvæmdin skal vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
- Ef raska þarf fornminjum þarf að afla leyfis Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Vegagerðin mun afla allra nauðsynlegra leyfa og framkvæmdir hefjast þegar þau liggja fyrir.

2 Staðhættir á framkvæmdasvæði

2.1 Staðhættir

Skagabyggð var sveitarfélag á vestanverðum Skaga við austanverðan Húnaflóa, sjá mynd 4. Sveitarfélagið Skagaströnd þverar miðbik skagans.

Þann 1. ágúst 2024 sameinuðust Skagabyggð og Húnabyggð og ber hið nýja sameinaða sveitarfélag nafn Húnabyggðar.



↑ Mynd 4

Sameinað sveitarfélag Skagabyggðar og Húnabyggðar (Mynd: RÚV-6. maí 2024)

Utan til er Skaginn láglendur með fjölda vatna á svokallaðri Skagaheiði, þar er víða ágæt silungsveiði. Sunnar taka við fjöll, einkum að vestanverðu. Þeirra þekktast er Spákonufell sem er ofan við eina þéttbýlið á Skaga, Skagaströnd.

Skagaströnd nefnist einnig byggðin Húnaflóamegin á Skaga, frá kirkjustaðnum Höskuldsstöðum og út fyrir Kálfshamarsvík.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur norðan við þéttbýlið Skagaströnd. Nokkru norðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði er Króksbjarg og Kálfshamarsvík. Kálfhamarsvík er vinsæll áningarstaður ferðamanna og þar er viti sem var fyrst reistur árið 1913 en var endurbyggður árið 1939.

Ysti bær á Skaga er Hraun. Þar er viti á svokallaðri Skagatá. Syðst á Skaganum, um 35 km frá Hrauni, er Þverárfjall.

Bæði býli og frístundahús liggja meðfram núverandi Skagavegi (745), en byggð er nokkuð strjál.

Fyrirhugaður framkvæmdakaflí mun liggja um lönd jarðanna Neðri-Harrastaða, Bakka, Skeggjastaða, Hofa, Örlygsstaða, Hlíðar og Kurfs.

Náma ES15 er í landi Neðri-Harrastaða og er staðsett við núverandi veg að vestanverðu.

Náma ES12 er í landi Skeggjastaða og staðsett fast ofan við núverandi veg. Um 700 m norðar, einnig í landi Skeggjastaða, er félagsheimili Skagabyggðar sem nefnist Skagabúð.

Á Hofi er Hofskirkja og kirkjugarður.

Hofsá fellur til sjávar milli Skeggjastaða og Hofs.

Brekknabrekka nefnist hæð nyrst á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Bratt er vestan og neðan hennar en þar er undirlendi gott og nokkur býli sem standa þétt saman. Héraðsvegurinn Brekknavegur (7425) liggur út frá Skagavegi (745) og að býlunum neðan brekkunnar.

Á Brekknabrekku liggur vegslóði til austurs út frá Skagavegi (745), inn á landssvæði sem nefnist Hvammkotsbruni. Þar eru tvær efnisnámur á aðalskipulagi sveitarfélagsins, þ.e. ES10 og ES11. Í námuskrá Vegagerðarinnar eru þær skráðar undir heitunum Bruni 1 (ES10) og Bruni 2 (ES11). Í daglegu tali kallast þær Brunanámur. Fyrirhugað er að nýta efni úr ES10 (Bruni 1) vegna þessarar framkvæmdar.

2.2 Núverandi Skagavegur

Núverandi Skagavegur (745) er alls um 83 km langur og liggur um þrjú sveitarfélög, þ.e. Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnabyggð og Skagafjörð. Vegurinn skiptist í 8 vegkafla og mun fyrirhuguð framkvæmd liggja innan vegkafla 01 og 02, sjá töflu 1.

↓ **Tafla 1**

Vegkaflar Skagavegar (745) (Heimild: Veggagnagrunnur Vegagerðarinnar).

Vegnr.	Kafla	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Sveitarfélag
745	01	Skagastrandarvegur (74-03)	Örlygsstaðir	3,83	Sveitarfélagið Skagaströnd
	01	Skagastrandarvegur (74-03)	Örlygsstaðir	6,46	Húnabyggð
	02	Örlygsstaðir	Króksselsvegur (7440-01)	7,09	Húnabyggð
	03	Króksselsvegur (7440-01)	Hafnaá	13,11	Húnabyggð
	04	Hafnaá	Sýslumörk	11,72	Húnabyggð
	05	Sýslumörk	Keta	11,43	Skagafjörður
	06	Keta	Selá (bær)	11,3	Skagafjörður
	07	Selá (bær)	Skefilsstaðir	7,82	Skagafjörður
	09	Skefilsstaðir	Þverárfjallsvegur (73-03)	10,11	Skagafjörður

Skagavegur (745) liggur í hálfhring til norðurs út frá Skagastrandarvegi (74-02) við þéttbýlið Skagaströnd. Þaðan liggur hann um byggðina ofan Skagastrandar, framhjá Króksbjargi, Kálfshamarsvík, Kaldranavík og Hraunsvík að Skagatá í Skagafirði. Þaðan til suðurs meðfram ströndinni í Skagafirði framhjá Þangskálavík, Ketuvík, Selvík og Laxárvík. Við Laxárvík liggur vegurinn inn Laxárdalinn og endar við Þverárfjallsveg (73-03) sunnan við Skíðastaði í Laxárdal.

Búið er að endurbyggja veginn og leggja á hann klæðingu frá vegamótunum við Skagastrandarveg (74-02) að Harrastöðum á Skagaströnd. Annarsstaðar er hann mjór malarvegur.

Sá kafli núverandi Skagavegar (745) sem fyrirhugað er að endurbyggja er um 7 km langur og lítið uppbyggður malarvegur. Hann liggur til norðurs frá slitlagsenda við Neðri-Harrastaði og endar uppi á Brekknabrekku, við vegslóða sem liggur til austurs að Brunanámum, sjá myndir 5-6 og meðfylgjandi teikningar.



↑ **Mynd 5**

Slitlagsendi Skagavegar (745) við Harrastaði. Horft í norður (Mynd: ja.is).



↑ **Mynd 6**

Skagavegur (745) við norðurenda fyrirhugaðrar framkvæmdar (Mynd: ja.is).

Samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar flokkast vegurinn á umræddum kafla sem tengivegur af vegtegund C₇ sem er 7 m breiður vegur með slitlagi. Hann er í dag um 5-6 m breiður malarvegur og með hæðar- og planlegu sem uppfyllir ekki kröfur í hönnunarstöðlum Vegagerðarinnar.

Hámarkshraði á veginum er 80 km/klst.

Við enda fyrirhugaðrar framkvæmdar eru skertar sjónlengdir vegna lélegrar hæðarlegu.

Mesti bratti er 4,7% milli stöðva 11150-11300. Þá er 9% halli á Bakkavegi (7427), fast við núverandi vegamót hans og Skagavegar (745).

Viða eru tengingar út frá núverandi Skagavegi (745) á fyrirhuguðum framkvæmdakafla. Helstu tengingar má sjá í töflu 2.

↓ **Tafla 2**

Tengingar Skagavegar (745) að býlum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (Heimild: Veggagnagrunnur Vegagerðarinnar)

Vegur	Vegflokkur	Tenging	Hægra (H)/vinstra (V) megin vegar*
Keldulandsvegur (7426)	Einkavegur	T-vegamót	H
Bakkavegur (7427)	Héraðsvegur	T-vegamót	V
Steinnýjarstaðavegur (7428)	Héraðsvegur	T-vegamót	H
Skeggjastaðavegur (7430)	Héraðsvegur	T-vegamót	V
Hofsvegur (7433)	Héraðsvegur	T-vegamót	H
Brekknavegur (7425)	Héraðsvegur	T-vegamót	V

*Hægra/vinstra megin vegar þegar horft er eftir veglínu til hækkanði stöðvar.

Talningar út frá loftmyndum gefa til kynna að um 26 aðrar minni tengingar liggi út frá núverandi vegi, m.a. að túnum, slóðum, námum og frístundahúsum.

Ein brú er á vegkaflanum, yfir Hofsá. Hún var byggð árið 1985 og er einbreið, steipt plötubrú, 6 m löng með 4 m breiðri akbraut.

Þá eru 13 ræsi í núverandi vegi.

Girt er meðfram veginum á öllum kaflanum, beggja vegna.


2.3 Náma ES12

Skeggjastaðanáma er á Skagaströnd í Húnabyggð og liggur innan jarðar Skeggjastaða. Náman er gömul og hefur námunúmerið ES12 í gildandi Aðalskiplagi Skagabyggðar 2010-2030. Efnistaka úr námunni hefur þegar náð leyfilegum mörkum samkvæmt upplýsingum í greinargerð aðalskipulags sveitarfélagsins.

Efnistökusvæðið liggur fast austan Skagavegar (745-01), og samsíða veginum. Enn austar, eða í um 150-200 m frá veginum, rís um 10 m hátt hamrabelti sem liggur norður-suður. Námusvæðið afmarkast af hamrabeltinu að austanverðu og Skagavegur (745-01) afmarkar það að vestanverðu (745-01).

Við suðurenda námunnar er heimreið að Steinnýjarstöðum.

Náman er girt af frá veginum og er aðgangur að henni um hlið þaðan sem afleggari af vegi liggur ofan í námubotn.



↑ **Mynd 7**

Horft yfir námu ES12 frá hjallanum ofan námusvæðinu.



↑ **Mynd 8**

Náma ES12 við Skagaveg (745-01).

Náman er í malarhjalla sem vitna til um hærri sjávarstöðu við hörfum jökla í lok ísaldar. Yfirborð hjallans er í um 40 m h.y.s. og slétt eða lítillaga hallandi. Efnið í hjallanum er misgróf möl og sandur. Sem stendur er náman að hluta frágengin og einn efnishaugur er í námunni. Vatn stendur uppi á tveimur svæðum í námunni.

2.4 Samgöngur, umferðaröryggi og mengun

Fremur lítil umferð er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í töflu 3 má sjá meðaltalsumferð á vegkaflanum milli áranna 2019-2023. Lítil breyting er á umferðartölum á þessu tímabili.

Tafla 3 Meðaltalsumferð á vegkafla 01 Skagavegar (745), milli Harrastaða og Hofs.

Skagavegur (745) milli Harrastaða og Hofs			
Ár	Ársdagsumferð ³	Sumardagsumferð ⁴	Vetrardagsumferð ⁵
2019	134	191	87
2020	109	162	76
2021	125	185	79
2022	130	190	77
2023	95	140	58

Áætluð umferð árið 2045 er 210 ÁDU, 250 SDU og 105 VDU. Hvað varðar umferðaröryggi þá er eitt slys skráð á vegkaflanum á árunum 2018-2023, samkvæmt upplýsingum úr vefsíðu Vegagerðarinnar. Ekið var á dýr við Kelduland en engin meiðsl skráð. Hvað varðar loftmengun á svæðinu þá eru íbúðarhús og frístundahús í það góðri fjarlægð frá núverandi vegi að íbúar og gestir þeirra verði lítið fyrir hljóð- og loftmengun. Efnistaka og vinnsla efnis úr námu ES12 mun takmarkast við þann tíma sem fyrirhuguð framkvæmd mun standa yfir. Að efnistöku lokinni verður gengi frá þeim hluta námunnar sem nýttur verður.

Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og mengun

Ef ekkert er gert til að auka öryggi á þeim hluta Skagavegar (745) sem hér er fjallað um, er líklegt að aukin umferð á svæðinu hafi í för með sér minna umferðaröryggi. Umferð um svæðið mun raskast lítilsháttar og tímabundið meðan á framkvæmdum stendur. Þá gætu efnisflutningar úr námum haft áhrif á umferð. Jákvæð áhrif að loknum framkvæmdum eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi en nú er.

³ Ársdagsumferð (ÁDU) er meðalumferð á dag yfir árið.
⁴ Sumardagsumferð (SDU) er meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september.
⁵ Vetrardagsumferð (VDU) er meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar vinnuvéla. Að framkvæmdum loknum minnkar loftmengun miðað við núverandi ástand, vegna betri vegar og klæðingar á vegi.

Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

3 Kostir og framkvæmdalýsing

3.1 Kostir


Um er að ræða endurbyggingu á núverandi vegi og ekki um aðra kosti að ræða.

3.2 Framkvæmdalýsing

3.2.1 Nýr vegur

Skagavegur (745) verður endurbyggður á tæplega 7 km löngum kafla, eða milli stöðva 4600-11440.

Vegurinn verður hannaður samkvæmt staðli fyrir skert C₇ snið, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og 0,25 m breiðum öxlum. Klæðing verður 6,3 m breið. Á mynd 9 er sýndur frágangur á vegi samkvæmt staðli fyrir skerta vegtegund C₇.



↑ Mynd 9

Tengsl veghæðar, breiddar vegfláa og breiddar öryggissvæðis á skertum C₇ m breiðum vegi.

Uppbygging vegarins og burðarþol miðast við ≥ 90 km/klst. hámarks ökuhraða og 10,0 t (11,5 t á driföxul).

Hæðarlega vegarins verður löguð og blindhæð lagfærð.

Halli í vegköntum í fyllingum (vegflái) verður yfirleitt 1:3. Til að draga úr slyshættu er gert ráð fyrir öryggissvæði meðfram veginum. Þar sem ekki er unnt að uppfylla kröfur um öryggissvæði og fláa verður komið fyrir vegriðum. Ofan brekkubyggðar, milli stöðva 10300-10660 og 10910-11180, verður vegrið sett í vinstri vegöxl endurbyggðs Skagavegar (745).

Vegtengingar, s.s. að býlum, frístundahúsum, túnum, námum og slóðum verða aðlagðar nýrri hæðarlegu endurbyggðs vegar. Reynt verður að fækka tengingum við veginn þar sem það er hægt, í samráði við landeigendur.

Núverandi brú á Hofsá mun standa áfram, en vegrið hennar verða endurnýjuð og lengd um 60 m beggja vegna, auk þess sem blikkljós verða sett við hana.

3.2.2 Efnispörf

Áætluð efnispörf framkvæmdarinnar er um 97.000 þús. m³, sjá töflu 4.

↓ Tafla 4

Áætluð efnispörf fyrirhugaðrar framkvæmdar

	Magn í m³
Klæðing	1.500
Burðarlag	10.000
Styrktarlag	25.500
Fyllingar	37.000
Fláafleygar	23.000
Samtals	97.000

3.2.3 Efnistaka

Í greinargerð með Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 eru 6 námur sýndar á eða í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, sjá töflu 5.

↓ Tafla 5

Námur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði samkvæmt Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030.

Nr	Efnistökusvæði	Lýsing	Stærð
ES15	Neðri-Harrastaðir	Malarnáma í notkun. Vegagerðarefni.	30.000 m³
ES14	Bakki/Kelduland	Malarnáma í notkun. Vegagerðarefni.	20.000 m³
ES13	Álfhóll	Leirnáma í notkun. Vegagerðarefni.	5.000 m³
ES12	Skeggjastaðir	Malarnáma í notkun. Vegagerðarefni.	30.000 m³
ES11	Hvammkot (Bruni 2)	Grjótnáma í notkun. Sjóvarnarefni.	30.000 m³
ES10	Kurfur (Bruni 1)	Grjónáma í notkun. Vegagerðar- og sjóvarnarefni.	5.000 m³

Fyrirhugað er að nýta þrjár af ofangreindum námum, þ.e. námu ES15 (Harrastaðanáma), námu ES12 (Skeggjastaðir) og námu ES10 (Bruni 1).

Það efni sem mun fást úr vegskeringum verður nýtt í fláafleyga.

Í töflu 6 má sjá skiptingu efnistökkunnar.

↓ Tafla 6

Fyrirhuguð efnistaka vegna endurbyggingar Skagavegar (745).

	Fylling og fláafleygar (m³)	Styrktarlag (m³)	Burðarlag (m³)	Klæðing (m³)	Samtals (m³)
Neðri-Harrastaðir (ES15)	20.000				20.000
Skeggjastaðir (ES12)	24.000	25.500			49.500
Kurfur (Bruni 1 – ES10)			10.000	1.500	11.500
Skeringar	16.000				16.000
Samtals (m³):	60.000	25.000	10.000	1.500	97.000

Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á yfirborði skeringa og náma verður ýtt í haug áður en efnistaka hefst og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur.

Við frágang verður flutt til efni í jöðrum skeringa og náma til að aðlaga þær sem best að landinu í kring.

Við námu ES15 (Harrastaðanámu) og námu ES10 (Bruni 1) er gert ráð fyrir svæði meðfram efnistökusvæðinu. Á teikningu 3 má sjá umrætt svæði afmarkað með brotalínu. Svæðið verður nýtt til varðveislu ofanafýtingar og/eða vegna lokafrágangs námusvæða. Ekki er gert ráð fyrir slíku svæði við námu ES12 (Skeggjastaðir) þar sem hún er það ríflega afmörkuð að ofanafýting mun rúmast innan hennar, og jafnvel að hluta innan núverandi námu.

Efnistaka og frágangur náma mun fara fram í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Við efnistöku úr námu ES15 (Neðri-Harrastaðir) er stefnt að lokafrágangi þar sem náman verður felld að núverandi landi.

3.2.4 Náma ES12 – Skeggjastaðir

Fyrirhugað er að taka stærstan hluta efnis úr Skeggjastaðanámu (ES12), eða tæplega 50 þús. m², sem mun við það fara yfir viðmið í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Efnið úr námunni verður nýtt í styrktarlag vegarins, fyllingu og fláafleyga.

Svæðið hefur verið rannsakað og sextán rannsóknagryfjur verið teknar utan við núverandi námubotn. Grafið var niður á 2,3-3,9 m. Efnið er vel nún mól og sandur, að mestu á bilinu 0-200 mm, en nokkuð er þó um steina upp í 300 mm og eitthvað af steinum sem eru um 0,5 m í þvermál. Gryfjurnar stóðu vel, en að hluta var efnið mjög torgræft. Í einni gryfju, rétt neðan við hamrabeltið var komið niður á þétt silt.

Grunnur lækjarfarvegur liggur þvert yfir áætlað námusvæði norðan til. Við námuskoðun vætlaði aðeins vatn eftir farveginum og þar sem næsta umhverfi farvegarins er vel gróið, er gert ráð fyrir að lækurinn sé jafnan vatnslítill.

Vinnsla og frágangur

Áætlað er að stækka efnistökusvæðið upp í 130 þús. m² og efnismagn í 450 þús. m³. Hnit á útmörkum námunnar má sjá í töflu 7.

Náman verður unnin áfram til norðurs og suðurs, en að litlu marki til austurs nær brekkunni undir hömrnum. Núverandi stálhæð

í námunni er 2-3 m að meðaltali og verður yfirborð á áætluðu námusvæði unnið niður sem því nemur, en þó með þeim fyrirvara að ekki sé farið niður fyrir grunnvatnsborð. Meðalvinnsluþykkt malarefnis (undir mold og yfir grunnvatnsborði) verður um 2,2 m.

Þar sem yfirborð efnistökusvæðis er gróið verður ofanafýting tvískipt, þannig að svarðlagi verði haldið aðskildu frá annarri mold og/eða moldarblönduðu efni, og haldið sérstaklega til haga. Nægt pláss er í núverandi

↓ **Tafla 7**

Fyrirhuguð útmörk Skeggjastaða-námu ES12

X -hnit (austur)	Y-hnit (norður)
440123.2818	601100.5062
439997.5266	601051.4436
440067.1434	600867.9554
440136.5666	600597.2970
440179.0843	600331.1346
440289.2543	600327.5790
440386.3934	600437.0130
440179.9586	600994.5537

námu fyrir varðveislu ofanafýtingar og óþarfi að raska meira landi í þeim tilgangi.

Landmótun að lokinni efnistöku mun taka mið af næsta umhverfi námunnar, s.s. landslagi og grófleika yfirborðs, og reynt eftir fremsta megni að fella raskað svæði að nærumhverfinu. Þar sem um sléttan malarhjalla er að ræða verður yfirborð námusvæðis jafnað út en flái niður að námubotni hafður vel aflíðandi, eða 1:3-1:4 og jafnvel stallaður að einhverju leyti. Næst brekkunni undir hömrnum skal tekið mið af náttúrulegum halla hennar, þannig að brekkan haldi áfram niður að námubotni. Þá munu jaðrar námu gerðir óreglulegir til að náman verði síður áberandi í landslaginu. Brúnir námusvæðis verða gerðar ávalar, eða rúnnaðar, og með því dregið úr áhrifum vindálags á lausan jarðveg.

Eftir landmótun mun mold og moldarblönduðu efni jafnað yfir svæðin. Síðast verður svarðlagi dreift á yfirborðið. Jarðvegi og svarðlagi verður jafnað yfir röskuð svæði eins fljótt og kostur er til að flýta fyrir landnámi grenndargróðurs.

Gróður á auðveldara með að komast á legg á hrjúfu en sléttu og þéttu yfirborði. Lífrænu efni verður því ekki þjappað niður eða sleikt með skóflu.

Rás verður gerð í námubotn til að leiða vatnslítinn læk gegnum námuna og í ræsi undir Skagaveg.

3.2.5 Ræsi

Almennt eru ræsi staðsett þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ræsum í veg er ennfremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir við veginn.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Skagavegar (745) eru 13 ræsi í núverandi vegi. Þau verða ýmist endurnýjuð eða lengd, háð ástandi þeirra.

3.3 Frágangur

Vanda þarf allan frágang þeirra svæða sem raskað verður vegna framkvæmdarinnar. Frágangur mun fara fram eftir verklagsreglum Vegagerðarinnar.

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga, skeringa og náma.

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálág á lausan jarðveg. Önnur röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis.

Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða aðlagðar að landinu í kring. Við frágang verður þess gætt að ekki myndist vatnsuppistöður í skeringum eða námum.

Ef lífrænn jarðvegur finnst í yfirborði skeringa eða náma verður honum ýtt til hliðar áður en efnistaka hefst og hann geymdur til síðari nota. Í lok framkvæmda verður mannvirkið aðlagð landinu umhverfis og lífrænum jarðvegi jafnað yfir.

Til þess að forðast að brjóta upp landslagsheildir verður almennt ekki ráðist í uppgræðslu á skeringum eða námusvæðum ef landið í kring er ógróið eða þar sem æskilegt er að náttúruleg gróðurframvinda verði látin ráða.

Allur frágangur verður í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur fulltrúa Umhverfisstofnunar og Land og skóg.

3.4 Vinnubúðir og aðstaða verktaka

Ekki liggur fyrir hvar vinnubúðir verða staðsettar en verktaki mun setja upp vinnubúðir í samráði við landeigendur og með heimild Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Húnabyggðar.

Þá þarf að gera ráð fyrir sérstöku áfyllingarsvæði þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði, komi til óhappa. Til að lágmarka áhættu við áfyllingu olíu á vélar og tæki á framkvæmdasvæði verða sett ströng skilyrði í útboðsgögnum um aðgæslu við notkun olíu, hreinsiefna og annarra mengandi efna.

Vinnubúðir og vinnuaðstaða munu standa á meðan framkvæmdir standa yfir en verða fjarlægð að framkvæmdum loknum. Gengið verður vel frá svæðunum, svo að ummerki um framkvæmdir hverfi fljótt.

Í útboðsgögnum verður krafist að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir og aðstöðu verktaka gilda.

3.5 Mannaflapörf

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdartíma. Reikna má með um 12 störfum í um 9 mánuði vegna vegavinnu.

3.6 Lagnir

Eftirfarandi eru upplýsingar um lagnir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði:

- Strengir og ljósleiðari Mílu liggur meðfram og/eða nærri núverandi vegi og þverar hann á nokkrum stöðum. M.a. við Kelduland, Bakka, Skagabúð, Hofskirkju og Brekkuveg.
- Lagnir Rarik liggja ofan vegar frá upphafi framkvæmdakafla og suður fyrir Kelduland þar sem þær þverar veginn nærri stöð 6980 og liggja eftir það neðan vegarins. Þá er önnur þverun við stöð 9220 við Skagabúð.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðrar lagnir. Aflað verður upplýsinga um allar jarðlagnir á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast.

3.7 Framkvæmdatími og kostnaður

Áætlað er að hefja fyrirhugaðar framkvæmdir vorið 2025, þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir. Verklök eru áætluð haustið 2026.

Heildarkostnaður framkvæmdarinnar er áætlaður um 630 milljónir kr.

3.8 Rekstur

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins sem felst m.a. í viðhaldi og þar með talið snjómokstri. Þegar umferð hefur verið hleypt á veginn hefur reksturinn áhrif á öryggi samgangna.

Veturinn 2024-2025 var miðað við að Skagavegur (745) væri þjónustaður allt að 3x í viku. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur. Viðhald og rekstur á nýjum vegi mun fylgja þeim

viðmiðunar- og vinnureglum sem almennt eru viðhafðar á vegakerfinu og byggjast m.a. á vegflokkum, umferð o.þ.h.

Innviðaráðuneytið ákvarðar snjómokstursreglur.

4 Umhverfis- og framkvæmdaþættir

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1 Þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hættu á mengunarslysum, hávaða, ryk- og útblástursmengun.

Endurbyggður vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur.

Á rekstartíma geta bættar samgöngur haft margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnisþörf framkvæmdarinnar og frágangi skeringa/náma að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnisþörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vegarins þarf efni í klæðingu, styrktarlag, burðarlag, fyllingar og fláafleyga. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Einnig breytist landslagið.

4.2 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að fyrirhuguð framkvæmd hafi veruleg áhrif á umhverfið. Þeir umhverfisþættir sem framkvæmdin getur haft áhrif á eru:

- | | |
|-------------------------------------|----------------------|
| → Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta | → Jarðmyndanir |
| → Landnotkun | → Vatnshlot |
| → Heilsa og öryggi | → Gróðurfur |
| → Verndarsvæði | → Dýralíf |
| → Landslag | → Menningarminjar |
| | → Veður og náttúruvá |

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur um land sem áður hefur verið raskað með mannvirkjagerð. Um lágmarksframkvæmd er að ræða og því telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg.

5 Möguleg umhverfisáhrif

5.1 Mannlíf, útivist og ferðapjónusta

Mannlíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist af umferð íbúa og gesta frístundahúsa á svæðinu. Yfir sumartímann verður aukning á umferð vegna umferðar ferðamanna.

Búskapur er á nokkrum jörðum á svæðinu.

Á Steinnýjarstöðum er frístundahús til leigu og samkvæmt greinargerð Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030 er einnig gert ráð fyrir veitingasölu og sölu heimilisiðnaðar þar. Skagabúð er félagsheimili með samkomuhaldi og á Hofi er kirkja og kirkjugarður.

Samkvæmt kortasjá Ferðamálstofu eru tveir viðkomustaðir skráðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði með miðlungs aðdráttarafl, þ.e. Hofskirkja á Skagaströnd og Goðatóftir, sjá mynd 10.


Um Hofskirkju á Skagaströnd eru eftirfarandi upplýsingar:

Hofskirkja á Skagaströnd er í Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi. Prestakallið var lagt niður 1907 og sóknir hennar lagðar til Höskuldsstaða. Timburkirkjan, sem nú stendur, var byggð árið 1876. Kirkjan var friðuð árið 1990.

Um Goðatóftir eru eftirfarandi upplýsingar:

Goðatóftir eru fornar minjar í landi Hofs undir Brekkum sem er landnámsjörð. Tóftirnar eru friðlýstar og þar á hof að hafa staðið til forna.

Hvað varðar reið- og gönguleiðir þá er reiðleið sýnd meðfram núverandi vegi að vestanverðu á skipulagsuppdrætti Skagabyggðar.



↑ Mynd 10

Áhugaverðir ferðamannastaðir í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði (Ferðamálstofa, kortasjá).

Þá eru tvær gönguleiðir sýndir á skipulagsupprætti sveitarfélagsins. Annars vegar gönguleið sem liggur frá Efri Harrastöðum (GL₅) síðan upp úr Brandsskarði um Leynidal og yfir í Sveitarfélagið Skagaströnd. Hins vegar gönguleið sem liggur frá Steinnýjarstöðum (GL₆) þá um Geldingaskarð og austur að Hofsseli. Þaðan norður með Langavatni fyrir Víðilækjarfjall og Fjallsöxl og niður hjá eyðibýlinu Fjalli og þaðan til Steinnýjarstaða.

Áhrif framkvæmdar á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu

Vegfarendur um Skagaveg (745) á framkvæmdakaflanum munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð.

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast lítilsháttar vegna umferðar þungra vinnuvéla.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu vegna öruggari og betri samgangna.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin skapi nokkur störf á svæðinu.

5.2 Landnotkun

Fyrirhugað framkvæmdasvæði mun liggja um land Neðri-Harrastaða, Bakka, Skeggjastaða, Hofs, Örlygsstaða, Hlíðar og Kurfs.

Megin landnotkun á svæðinu er hefðbundinn búskapur og ber landslagið einkenni þess.

Frístundahús eru á Efri Harrastöðum, Bakka, Steinnýjarstöðum, Keldulandi og Örlygsstöðum. Á Steinnýjarstöðum er skilgreint verslunar- og þjónustusvæði með veitingasölu og sölu heimilisiðnaðar (VP5)

Efnistöku- og efnislosunarsvæði eru í landi Neðri Harrastaða (ES15), Bakka (ES14), Skeggjastaða (ES12), Álfhóls (ES13) og Kurfur (ES10), sjá nánar kafla 3.2.3 – 3.2.4 um efnistöku.

Félagsheimili sveitarfélagsins, Skagabúð (ÞS1/ VP1), er sunnan Hofsár.

Hofsárkirkja (ÞS3), auk kirkjugarðs, er norðan Hofsár.

Reiðleið er sýnd á sveitarfélagsupprætti á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og tvær gönguleiðir (GL₅ og GL₆), sjá kafla 5.1.

Ýmsar lagnir liggja um svæðið, sjá kafla 3.6.

Girt er meðfram veginum, beggja vegna. Girðingar er víðast hvar í góðri fjarlægð frá veginum.

Samráð hefur verið haft við fulltrúa Húnabyggðar vegna hönnunar framkvæmdarinnar og efnistöku. Samráð verður einnig haft við landeigendur.

Mótun landsins mun fara fram í samráði við landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Áhrif framkvæmdar á landnotkun

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um.

Tún verða hvergi skert.

Reiðfært verður meðfram endurbyggðum vegi.

Samráð verður við lagnahafa vegna lagna á svæðinu.

5.3 Heilsa og öryggi

Í kafla 2.3. er fjallað um núverandi samgöngur, umferðaröryggi og mengun. Fram kemur að engin íbúðarhús eru það nærri núverandi vegi að truflun sé af hljóð- og loftmengun.

Áhrif framkvæmdar á samgöngur og umferðaröryggi

Umferð um svæðið mun raskast lítilsháttar og tímabundið meðan á framkvæmdum stendur. Þá gæti efnisvinnsla og efnisflutningar úr námum haft áhrif á umferð.

Jákvæð umhverfisáhrif að loknum framkvæmdum eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þegar lagður hefur verið öruggari og betri vegur með klæðingu, í stað núverandi malarvegar.

Áhrif framkvæmdar á mengun

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar vinnuvéla. Að framkvæmdum loknum minnkar loftmengun miðað við núverandi ástand vegna betri vegar og klæðingar.

Hljóðvistin batnar, vegna klæðingar og betri vegar.

Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en hún er í dag vegna öruggari vegar.

5.4 Verndarsvæði

Umfjöllun um verndarsvæði er í kafla 1.7.

Áhrif framkvæmdar á verndarsvæði

Endurbygging Skagavegar (745) mun liggja í sama vegstæði og núverandi vegur.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands eru nokkur votlendi í nágrenni núverandi vegar sem eru vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sjá mynd 4.

Framkvæmdin verður innan veghelgunarsvæðis vegarins og ystu mörk þess verða í góðri fjarlægð frá votlendissvæðunum. Það sama gildir um efnistökusvæðin, þ.e. þau eru í góðri fjarlægð frá vernduðu votlendi.

Vegagerðin telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á verndarsvæði.

5.5 Landslag og ásjón

Landslag á Skaga er fremur flatt. Skagaheiði hækkar nokkuð til suðurs þó hún sé að jafnaði láglend og votlend með gríðarmörgum vötnum og tjörnum. Láglendið er grösugt og víða vel fallið til landbúnaðar. Ræktað land er að mestu í nálægð við ströndina.

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu á vefnum www.namur.is um námur, efnistöku og frágang. Landslagið á framkvæmdasvæðinu er menningarlandslag og ber sterk einkenni af landbúnaði.

Skagavegur (745) á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggur um fremur láglent flatlendi sem að hluta til er gróið. Nyrst á framkvæmdasvæðinu liggur vegurinn upp á nokkra brekku, Brekknabrekku, en neðan hennar er flatlent undirlendi með nokkrum býlum.

Skeggjastaðanáma er opin og er svæðið við hana því þegar raskað. Fyrirhuguð stækkun námunnar er á flatlendi umhverfis núverandi námubotn, fast við og samsíða núverandi Skagavegi (745) að vestanverðu. Að austanverðu og ofan námunnar rís um 10 m hátt hamrabelti.

Áhrif framkvæmdar á landslag

Landslaginu á framkvæmdasvæðinu hefur þegar verið raskað með mannvirkjagerð, ræktun, beit, efnistöku og slóðum.

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd, enda um að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Endurbyggður vegur verður þó breiðari en núverandi vegur með meira aflíðandi fláum. Þá verður hann lagður á hærri fyllingum og í dýpri skeringum en núverandi vegur til þess að hann verði jafnari í landinu.

Ásýnd landsins meðfram veginum mun þó ekki breytast mikið fyrir utan það að vegurinn fer úr því að vera malarvegur í að vera lagður bundnu slitlagi.

Ásýnd vegna aukinnar efnistöku úr námu ES12 verða lítil þar svæðið er þegar raskað vegna efnistöku. Með vönduðum frágangi á námusvæðinu og aðlögun námumörkum að nærliggjandi landi verður dregið úr þeim áhrifum sem efnistaka kann að hafa á landslag.

5.6 Jarðfræði og jarðmyndanir

Skagi liggur milli Húnaflóa og Skagafjarðar. Suðurhluti skagans er fjalllendur og ná fjallstoppar upp í um 1000 m h.y.s. Norðurhlutinn einkennist af lágum ásum og fellum, en milli þeirra er fjöldi vatna, mýrar og móar.

Berggrunnurinn flokkast að mestu leyti til tveggja aldurs skeiða í jarðsögunni. Syðri hlutinn er frá míósen og eldra plíósen, þ.e. eldri en 3,3 milljón ára, á meðan nyrðri hluti Skaga er yngri, eða frá síð-plíósen og fyrri hluta ísaldar, 0,8-3,3 milljón ára (sjá bláan og grænan lit á mynd). Aldursbreytingin er nokkuð áberandi þar sem hún kemur fyrir innan framkvæmdasvæðisins, en yngra berg tekur við þar sem einkennandi klettabelti liggur skáhallt upp til suðsuðausturs frá víkinni milli tanganna Landsenda og Torfuness og nær allt að afleggjaranum að Steinnýjarstöðum.

Jarðlagahalli er nokkuð breytilegur á Skaga. Vestan megin hallar jarðlögum niður um mest 10° til vesturs í átt að rekbelti sem lá um Snæfellsnes og Húnaflóa, en austan megin hallar jarðlögum ýmist niður til austurs, suðvesturs eða norðnorðvesturs. Sunnarlega á vestanverðum Skaga liggur einhallabelti hér um bil frá Laxá og til suðausturs með Langadalsfjöllum og áfram inn í landið. Á þessu beltí er jarðlagahalli áberandi meiri en í staflanum ofan og neðan við.

Stærstur hluti jarðlagastaflans á Skaga samanstendur af basískum og ísúrum hraunum, en einnig kemur þar fyrir súrt berg og móberg. Um miðbik Skaga vestan til eru leifar megineldstöðvar sem var virk fyrir um 7 milljónum ára. Eldstöðin er um 10 km í þvermál og liggur að hálfu leyti úti í Húnaflóa. Mikið ber á ummynduðu bergi og berggöngum um miðbik eldstöðvarinnar, og þar koma fyrir tvö innskot úr dóleríti og gabbrói. Spákonufell, staðarfjall þéttbýlisins að Skagaströnd, er nyrst í eldstöðinni⁶.

⁶ Kristján Sæmundsson, 2015

Þá finnast leifar annarrar eldstöðvar, sem talin er hafa verið virk um miðbik ísaldar, austan megin á Skaga við Ketubjörg, en sú eldstöð liggur að nær öllu leyti í sjó⁷.

Það landslag sem blasir við á Skaga var gróflega mótað af jökum ísaldar en önnur hægivirkari rof- og setmyndunarferli hafi síðan sett mark sitt á yfirborð landsins. Stefna jökulráka og staða skagans milli tveggja stórra fjarða benda til þess að svæðið nyrst á Skaga hafi verið íslaut fyrir a.m.k. 11.300 árum síðan. Af þeim sökum geyma setlög í stöðuvötnum yst á Skaga mikilvægar upplýsingar um loftslagsbreytingar sem orðið hafa frá þeim tíma. Við strandlínu Skaga, og innan framkvæmdasvæðisins, eru sjávarhjallar hins vegar þær setmyndanir sem eru hvað mest áberandi. Hjallarnir koma fyrir í mismunandi hæðum og sýna að sjávarstöðubreytingar hafi verið nokkrar á svæðinu síðan það varð íslaut⁸.

Engar jarðminjar finnast á framkvæmdasvæðinu sjálfu en fjögur svæði utarlega á Skaga eru á náttúruminjasrá að hluta eða öllu leyti vegna jarðminja. Þau eru langt utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir

Námur ES12 (Skeggjastaðir) og ES15 (Neðri-Harrastaðir) eru í lága malarhjalla, en náma E10 (Kurfur - Bruni 1) er í bergstall. Þessar jarðmyndanir njóta ekki sérstakrar verndar⁹ og námurnar eru allar opnar.

Náma ES12 (Skeggjastaðir) fellur undir verndargildisflokk 4 og hefur því lágt verndargildi.

Fyrirhuguð framkvæmd mun hafa óveruleg áhrif á jarðmyndandir á svæðinu.

5.7 Vatnshlot

Í lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, gr. 12 kemur fram að vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot¹⁰ og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skal styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er þrjú vatnshlot, þ.e. eitt straumvatnshlot og tvö grunnvatnshlot, sjá töflu 8 og myndir 9-12.

↓ **Tafla 8.** Upplýsingar um vatnshlot innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs framkvæmdar samkvæmt vatnavefsjá Umhverfisstofnunar.

Vatnshlot	Vatnshlots-númer	Vatnagerð	Vistfræðilegt ástand	Efnafræðilegt ástand	Magnstaða	Skráð álag
Mið-Norðurland	101-276-G			Óþekkt	Óþekkt	
Hofsá	101-1805-RRL	RL3: Bergvatn á láglendi, gamalt berg, mikil áhrif vatna/votlendis.	Mjög gott	Óþekkt	Óþekkt	Ekkert
Skagi	101-111-G			Óþekkt	Óþekkt	Ekkert


⁷ Jarðfræðistofan, 2001.

⁸ Martin D. Brader o.fl., 2017 og Rundgren, 1999.

⁹ Við mat á verndargildi er stuðst við verndargildisflokkun Vegagerðarinnar (<https://www.namur.is/undirbuningur-efnistoku/verndarflokkun-vegag/>).

¹⁰ Vatnshlot: eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó.


Fyrstu 5 km fyrirhugaðrar framkvæmdar liggja innan grunnvatnshlotsins Mið-Norðurland (101-276-G). Stærð vatnshlotsins er 7073.8 km², sjá mynd 11.



↑ **Mynd 11**

Dökkbláar línur sýna straumvatnshlotið Mið- Norðurland (<https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/101-276-G>).


Þá þverar Skagavegur (745) straumvatnshlotið Hofsa (101-1805-R), sjá mynd 12. Heildarlengd þess er 14,4 km.



↑ **Mynd 12**

Dökkbláar línur sýna straumvatnshlotið Hofsa (<https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/101-1805-R>)

Nyrstu 2 km fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis liggja innan grunnvatnshlotsins Skaga (101-111-G), sjá mynd 13. Flatarmál þess er 322.6 km².



↑ Mynd 13

Dökkbláar línur sýnir afmörkun grunnvatnshlotsins Skaga (<https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/101-111-G>)

Fyrir **grunnvatnshlot** eru umhverfismarkmið þau að magnstaða á að vera góð og efnifræðilegt ástand gott. Grunnvatnshlotin Mið-Norðurland og Skagi hafa ekki verið ástandsmetin og því óvíst hvert raunverulegt ástand þeirra er (Vatnavefsjá, 2024). Ekkert skráð álag er á þau né verndarsvæði sem tengjast þeim.

Fyrir **straumvatnshlot** eru umhverfismarkmið þau að vistfræðilegt ástand á að vera mjög gott og efnifræðilegt ástand gott. Vistfræðilegt ástand Hofsár er skráð mjög gott en efnifræðilegt ástand þess er óþekkt. Í vatnavefsjá Umhverfisstofnunar kemur fram að vötn og votlendi hafi mikil áhrif á straumvatnshlotið Hofsá þar sem þekja stöðuvatna, tjarna og votlendis á vatnasviði þess er $\geq 12\%$. Ekkert skráð álag er á vatnshlotið. Engar upplýsingar liggja fyrir um magnstöðu þess og engin verndarsvæði eru skráð á vatnasviði þess.

Áhrif framkvæmdar á vatnshlot

Framkvæmdin felst í endurbyggingu vegar í núverandi vegstæði og ekki verður byggð ný brú á Hofsá. Hvergi er um nýtt vegstæði að ræða auk þess sem farvegi Hofsár verður hvergi raskað.

Til að draga úr áhrifum á vatnafar verði ræsi hönnuð fyrir 100 ára flóð. Þau verða grafin niður um 10-20% af þvermáli þeirra til að tryggja að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farvegnum.

Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdartíma er verktaka skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúið verður sérstakt áfyllingar svæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fer fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni, berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði, komi til óhappa. Sama gildi um geymslu á mengandi efnum á verktíma.

Í tilfelli þeirra vatnshlota sem framkvæmdin fer um telur Vegagerðin að áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand verða óveruleg. Einnig mun framkvæmd ekki hafa áhrif á magnstöðu grunnvatns.


Það er mat Vegagerðarinnar að ekki sé hætt á að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

5.8 Gróðurfar

Í greinargerð með Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 er gróðurfari lýst á eftirfarandi hátt:

Náttúran er fjölbreytt í Skagabyggð. Gróður er gróskumeiri en ætla mætti á svæði svo norðarlega, enda þótt kaldir hafvindar blási á köflum. Stórt samfellt votlendissvæði er á norðanverðum Skaga. Sunnar er undirlendi grösugt, en upp til fjalla skiptast á mýrar, flóar mosavaxin holt og kvistlendi. Skógar eru engir. Ræktað land er að mestu í nálægð við ströndina. Sá gróður á láglendi sem í upphafi búsetu í Skagabyggð hefur verið mest áberandi eru ýmsar grasategundir.¹¹

Samkvæmt kortavefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>) eru a.m.k. 7 vistgerðir í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, sjá mynd 14.



↑ **Mynd 14.**
Vistgerðakort. Skagavegar (745) er sýndur með rauðleitri línu. Skýringar eru við hlið myndar (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022. Kortasjá (<https://vistgerdakort.ni.is/>)).

¹¹ TBB, 2011. Bls 34-35.

Allt svæðið meðfram núverandi vegi, beggja vegna hans er raskað. Næst því svæði eru að mestu L14 tún og akurlendi, L10.6 fjalldrapamóavist, L1.1 eyðimelavist, L1.3 mosamelavist og L5.3 hraungambravist, en einnig er á köflum L8.6 runnamýravist á láglandi og L8.9 starungsmýravist.

ES12 (Skeggjastaðanáma) mun að mestu liggja um L1.1 eyðimelavist og L1.3 mosmelavist sem eru með lágt verndargildi. Gróður er þó aðeins breytilegur á svæðinu og hefur svæðið verið notað sem beitarrhólf fyrir kindur og hesta og víða sjást leyfar af heyrúllum. Gras hefur náð festu í melyfirborðinu næst heyrúllunum. Sunnan til á svæðinu eru hálfgrónir melar og með þunnu svarðlagi en norðan til skiptast aðallega á flagmóar, móar og grösugri svæði. Undir hamarsbrúninni er vel gróið, en brött brekka sem nær niður á hjallann. Næst brekkunni eru lyngmóar. Grjót sem hrútið hefur úr klettunum stendur upp úr gróðrinum undir brekkunni. Steinarnir eru allt að 1-1,5 m í þvermál, en einstaka stærri steinar koma fyrir.

Áhrif framkvæmdar á gróðurfar

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar á um 7 km löngum kafla. Hvergi er um nýtt vegstæði að ræða og alls staðar er land þurrt og raskað meðfram núverandi vegi. Endurbyggður vegur verður byggður samkvæmt skertu vegsniði og mun að langmestu leyti liggja innan veghelgunarsvæðis.

Náma ES12 er þegar opin og er svæðið næst henni raskað

Fyrirhuguð framkvæmd mun hvergi liggja út í lítt raskað votlendi.

Þar sem svæðinu hefur áður verið raskað með vegagerð, slóðum, túnrækt, skurðum og girðingum, telur Vegagerðin að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á gróður á framkvæmdasvæðinu.

Röskuð svæði verða jöfnuð og grædd upp í samráði við Land og skóg, Umhverfisstofnun og landeigendur, sjá kafla 3.3.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

5.9 Dýralíf

Í greinargerð Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030 kemur fram að dýralíf sé mjög fjölskrúðugt í sveitarfélaginu, það eigi sérstaklega við um fugla, seli og ref. Ísbirnir eiga einnig til að skjóta upp kollinum á þessu svæði.

Ekki hefur verið kannað hvort sjaldgæfa fugla eða önnur dýr er að finna á eða í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Á utan- og austanverðum Skaga, skammt norðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði er mikilvægt fuglasvæði, þ.e. Skagi VOT-N 5. Stærð svæðisins er um 51.960 ha.¹²

Í greinargerð með Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 kemur fram að fuglalíf sé fjölskrúðugt á utanverðum Skaga þar sem er að finna votlendi, strandvötn, fjörur og grunnsævi. Við strandvötnin, sem sum eru sjávarlón, og heiðarvötnin er mikið varp anda, himbrima, lóms og álftar.

¹² Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025 (<https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/skagi>).

Áhrif framkvæmdar á dýralíf


Fyrirhuguð framkvæmd er utan mikilvægs fuglasvæðis og í góðri fjarlægð frá vötnum á Skagaheiði. Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla næst veginum meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg, því um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

5.10 Fornleifar

Fornleifar hafa verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Samkvæmt Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 er ein friðlýst fornleif skráð í landi Hofs, þ.e. Goðatóft, norðan Hofsstaðakirkju.

Í fornleifaskráningu Skagabyggðar (2009/89) kemur eftirfarandi fram um Goðatóftina, sjá mynd 15:



↑ **Mynd 15.**

Upplýsingar um Goðatóftina. Skjaskot úr fornleifaskýrslu Bygðasafns Skagfirðinga.

Goðatóftin er í túni innan girðingar í Hofslandi, ofan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og í 40 m fjarlægð frá ystu brún þess.

Vegagerðin óskaði eftir umsögn Minjavarðar Norðurlands vestra vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjavörður áleit eina tóft (Örlygsstaðir - 35) vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda þar sem hún væri staðsett í fyrirhugaðri skeringu ofan Brekknabrekku í landi Örlygsstaða, sjá mynd 16.

Vegagerðin kannaði hvort hægt væri að hlífa fornleifinni með því að hnika til veglínunni á umræddu svæði. Það reyndist mögulegt og eftir tilfærsluna liggur fornleifin utan framkvæmdasvæðis, eða í a.m.k. 5 m fjarlægð frá útbrún þess, sjá meðfylgjandi teikningar.

Örlygsstaðir – 35

Hlutverk: Óþekkt (smalakofi)

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 13m austan Skagavegar og um 235m suðaustur af fjárhúsunum á Örlygsstöðum 2 eru leifar grjóthlaðinnar tóftar, hugsanlega smalakofa eða leikstað barna.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðinn og töluvert hrunin, veggir eru ógrónir á bilinu 20–40sm háir og 50–80sm breiðir. Tóftin er með dyr til suðvestur og aðrar til norðausturs.



Mynd 8, smalakofi (nr. 35) austan Skagavegar í landi Örlygsstaða 2. Horft til norðausturs, hleðsla (nr. 34) sést í baksýn til vinstri á myndinni.

↑ Mynd 16.

Upplýsingar um fornleif, Örlygsstaði -35 (Byggðasafn Skagfirðinga, 2010).

Í kjölfar tilfærslunar barst umsögn minjavarðar, sjá fylgiskjal 1. Í henni kemur fram að girða þurfi af umrædda fornleif (Örlygsstaðir-35), eða merkja á áberandi hátt, meðan á framkvæmdum stendur svo að hún raskist ekki.

Náma ES12 (Skeggjastaðanáma) hefur ekki verið skoðuð m.t.t. fornminja. Samkvæmt minjavefsjá Minjastofnunar Íslands eru engar skráðar fornminjar á fyrirhuguðu áhrifasvæði námunnar. Minjavörður Norðurlands vestra mun fara um efnistökusvæðin áður en efnistaka hefst og kanna hvort fornminjar sé að finna.

Áhrif á fornleifar

Vegagerðin mun fara að tilmælum Minjastofnunar um aðgerðir til að koma í veg fyrir að fornleifar raskist og hefur ofangreindur minjastaður verið merktur inn á uppdrætti. Þá verður hann merktur á áberandi hátt á framkvæmdatíma og kynntur í útboðsgögnum til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir í samræmi við 23. og 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

5.11 Veður og náttúruvá

Í greinargerð Aðalskipulags Skagabyggðar 2010-2030 kemur fram að Skagabyggð er meðal þeirra svæða á Íslandi þar sem úrkoma er minnst. Meðalársúrkoma á Blönduósi á árunum 1982 - 1991 var 480 mm og 487 á Hrauni á Skaga. Þetta er tæplega helmingi minni úrkoma en í Reykjavík á sama tímabili. Einnig er yfirleitt snjólétt á vetrum.

Skaginn er nokkuð opinn fyrir norðlægum áttum og á Hrauni eru norð-norðaustan- og vestsuðvestanáttir hvað sterkastar hvað vindhraða snertir.

Norðlægar áttir við Húnaflóa eiga sinn þátt í því að halda hafis á þessu svæði þegar hann er nálægur. Á hafísárum hefur ís oftast rekið inn Húnaflóa og hann stundum legið þar langt fram á sumar.

Vegagerðin hefur skráð varasama staði á vegakerfinu m.t.t. sandfoks og vindhviða. Engin slík skráning er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030 eru engin svæði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði skráð sem náttúruvársvæði, en í jaðri þess og rétt norðan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er skráð landnotkun vegna náttúruvár, þ.e. svæði **NV2** ofan Brekkubæja (sjá mynd 2). Kemur fram í greinargerð með aðalskipulaginu að snjóflóð hafi fallið úr brekku ofan Brekkubæja.

Áhrif á veður og náttúruvæ

Framkvæmdin miðar að því að auka öryggi íbúa og annarra vegfarenda á svæðinu, m.a. með tilliti til veðurs og náttúruvár.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á veður og náttúruvæ á svæðinu.

6 Mótivægisadgerðir

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdasvæði. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Gera má ráð fyrir að röskun á landi verði með minnsta mótí, miðað við vegaframkvæmdir almennt, þar sem um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar.
- Framkvæmdasvæðið er þröngt afmarkað og liggur að mestu leyti innan veghelgunarsvæðis.
- Vegrið verða sett í vinstri öxl endurbyggðs vegar milli stöðva 10300-10660 og 10910-11180.
- Öll ræsi verða grafin niður og tryggt að samfella haldist í vatnsfarveginum.
- Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við framkvæmdasvæðið, námuvegir og námu. Meðal annars verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námu.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins. Samráð verður haft við landeigendur varðandi það land sem raskast og það bætt á viðeigandi hátt.
- Ef raska þarf girðingum, verður girt að nýju þar sem hróflað verður við þeim.
- Fornleif nr. 35 í landi Örlygsstaða verður kynnt í úboðsgögnum og merkt á áberandi hátt eða girt af áður en framkvæmdir hefjast. Öll umferð vinnuvéla verður bönnuð innan þeirra svæða. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjavörð Norðurlands vestra eða Minjastofnun Íslands varðandi aðgerðir.

Minjavörður mun fara um svæðið í kringum námu ES12 (Skeggjastaðir) áður en framkvæmdir hefjast til að fyrirbyggja að fornminjum verði raskað af vangá.
- Til að lágmarka áhættu við áfyllingu olíu á vélar og tæki á framkvæmdasvæði verða sett ströng skilyrði í útboðsgögnum um aðgæslu við notkun olíu, hreinsiefna og annarra mengandi efna. Reglubundið eftirlit verður með áhöldum og vélum sem notuð verða þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í jarðveg og læki á svæðinu. Umræddar kröfur verða ítrekaðar í útboðsgögnum.
- Gengið verður frá náma ES15 (Neðri-Harrastaðir) að efnistöku lokinni, sem og námu ES12 (Skeggjastaðir).
- Við frágang bæði vegsvæðis og náma verður stefnt að því að endurheimta staðargróður og ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða með því að laga þau sem best að aðliggjandi landi til að gera sárin í landinu sem minnst áberandi. Ef lífrænt efni finnst verður því ýtt í hauga áður en framkvæmdir hefjast og því jafnað yfir við frágang, sjá kafla 3.3.

- Röskuð svæði verða jöfnuð og grædd upp í samráði við Land og skóg, Umhverfisstofnun og landeigendur.

6.1 Samráðsaðilar

Samráð hefur verið haft og er fyrirhugað við við eftirtalda aðila:

- **Skipulagsstofnun**, varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar.
- **Umhverfisstofnun**, vegna vatnshlota, efnistöku, uppgræðslu og frágang á svæðinu.
- **Land og skóg**, um uppgræðslu og frágang á svæðinu.
- **Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra**, varðandi starfsleyfi til atvinnureksturs sem getur valdið mengun.
- **Minjastofnun Íslands**, vegna fornleifa á svæðinu.
- **Rarik**, vegna framkvæmda í grennd við lagnir.
- **Mílu**, vegna framkvæmda í grennd við lagnir.
- **Sveitarstjórn Húnabyggðar**, varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Landeigendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu.

7 Niðurstaða

- Við framkvæmdina verður Skagavegur (745) milli Neðri-Harrastaða og Brunanámu endurbyggður á tæplega 7 km löngum kafla.
- Náma ES12 (Skeggjastaðir) verður stækkuð til að fá efni í endurbyggingu Skagavegar (745).
- Endurbyggingin verður að mestu innan veghelgunarsvæðis og mun liggja um þegar raskað svæði. Um lágmarks framkvæmd er að ræða þar sem vegurinn verður endurbyggður samkvæmt skertu vegsniði.
- Efnistaka verður úr opnum námum á svæðinu en gera þarf breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar á námu ES12 (Skeggjastaðir).
- Ræsi verða ýmist endurnýjuð eða lengd. Þess verður gætt að samfella haldist í farveginum.
- Vegrið verða sett í vinstri vegkant milli stöðva 10300-10660 og 10910-11180.
- Vegrið á brú á Hofsa verða endurnýjuð og lengd um 60 m beggja vegna auk þess sem blikkljós verða verða sett við brúna.
- Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, því hún fer yfir þau lengdarviðmið sem kveðið er á um í 1. viðauka lið 10.08. auk þess að liggja í nágrenni við verndarsvæði (fornminjar/votlendi). Þá fer áætluð efnistaka úr námu ES12 (Skeggjastaðir) yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. viðauka lið 2.02.
- Vegsvæðið og nágrenni þess hefur verið kannað með tilliti til fornminja. Námusvæði verða skoðuð áður en framkvæmdir hefjast. Þá hafa jarðtæknirannsóknir farið fram.
- Fornleif Örlygsstaðir -35 verður girt af og/eða merkt á áberandi hátt á framkvæmdatíma svo hún raskist ekki af vangá.
- Votlendissvæði sem njóta verndar munu ekki raskast vegna framkvæmdarinnar.
- Gert er ráð fyrir að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og auknu umferðaröryggi. Með breiðari og betri vegi verður leiðin um Skagaveg (745) greiðfærari.
- Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður mótvægisáðgerðum beitt og haft samráð við ýmsa aðila.

8 Heimildir

1. Jarðfræðstofan, 2001: *Siglufjörður – Ólafsfjörður. Veggöng um Héðinsfjörð. Yfirlit yfir jarðfræði Tröllaskaga og aðstæður til jarðgangagerðar*. Unnið fyrir Vegagerðina. <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/landupplysingar-kortagogn/ahugaverdir-vidkomustadir>. Sótt 10. október 2024.
2. Byggðasafn Skagfirðinga, 2009: *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Hof og Steinnýjarstaðir*. Rannsóknaskýrslur. 2009/89.
3. Byggðasafn Skagfirðinga, 2010: *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Örlýgsstaðir, Hlíð, Kurfur, Hróarsstaðir, Hólmi, Krókur og Krókssel*. Rannsóknaskýrslur 2010/107.
4. Kristján Sæmundsson (2015), jarðfræðitexti. *Spákonufell. Spákonufellshöfði. Skagaströnd. Gönguleiðir – Náttúra – Saga*. Sveitarfélagið Skagaströnd. https://www.skagastrond.is/static/files/gamli/utivist_skagastrond.pdf
5. Martin D. Brader, Jeremy M. Lloyd, Natasha L.M. Barlow, Hreggviður Norðdahl, Michael J. Bentley, Anthony J. Newton. *Postglacial relative sea-level changes in northwest Iceland: Evidence from isolation basins, coastal lowlands and raised shorelines*. Quaternary science reviews, 2017-08, Vol.169, p.114-130
6. Minjastofnun Íslands, 2024: Minjavefsjá www.minjavefsja.is.
7. Náttúrufræðistofnun Íslands: Heimasíða www.ni.is og kortasjár.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands (2025). Náttúruminjaskrá. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár. <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra>
9. Rundgren, M., 1999: *A summary of the environmental history of the Skagi peninsula, northern Iceland*, 11,300–7800 BP. Jökull 47, 1–19.
10. Skagabyggð 2024: Heimasíða Skagabyggðar, www.skagabyggd.is
11. Húnabyggð 2024: Heimasíða Húnabyggðar, www.hunabyggd.is
12. TBB teiknistofa, 2011: *Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030, skýrsla/greinagerð*. Teiknistofa Benedikts Björnssonar, Túnbrekku 4, 200 Kópavogi.
13. TBB teiknistofa, 2011: *Aðalskipulag Skagabyggðar 2010-2030, sveitarfélagsuppdráttur*. Teiknistofa Benedikts Björnssonar, Túnbrekku 4, 200 Kópavogi.
14. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon (ritstjórar), 1989: *Íslandshandbókin, náttúra, saga og sérkenni*. Örn og Örlygur.
15. Umhverfisstofnun, október 2024: Heimasíða www.ust.is. Upplýsingar um friðlýst svæði, náttúruminjaskrá og vatnshlot.

9 Teikningar

Teikning 1. Vegagerðin, (2023):	Afstöðumynd, mkv. 1:400.000.
Teikning 2. Vegagerðin, (2022):	Yfirlitsmynd mkv. 1:25.000
Teikning 3. Vegagerðin, (2023):	Grunnmyndir, mkv. 1:10.000

10 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Minjastofnun Íslands, 2024. *Endurbygging Skagabyggðar (745) frá Neðri-Harrastöðum að Örlýgsstöðum*. Guðmundur Stefán Sigurðarson
Minjavörður Norðurlands vestra, Sauðárkróki 21. janúar 2025.



Sóley Jónasdóttir
Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

21. janúar 2025
MÍ202410-0048/ 6.10 / G.S.S.

Minjavörður Norðurlands
vestra & Borgarsíða & sp;8 550 Sauðárkrókur
(354) 570 13 22 (354) 861
4200 www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Endurbygging Skagavegar (745) frá Neðri-Harrastöðum að Örlygsstöðum.

Í tölvupósti dags. 17.1.2025 óskar Sólveg Jónasdóttir hjá Vegagerðinni eftir umsögn minjavarðar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við breikkun Skagavegar (745) á 7 km löngum kafla, frá slitlagsenda við Neðri-Harrastaði, norðan Skagastrandar, að stað ofan Örlygsstaða. Meðfylgjandi voru landupplýsingagögn með hönnun vegar. Svæðið sem um ræðir hefur allt verið fornleifaskráð. (Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson 2010. *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Kelduland/Hafsvellir, Brandaskarð, Efri- og Neðri Harrastaðir*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga BSk 2010/106. Rannsóknarnr. MÍ: 1545. / Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson 2010. *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Bakki, Skeggjastaðir, Álfhóll og Fjall*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga BSk 2010/109. Rannsóknarnr. MÍ: 1544. / Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson 2009. *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Hof og Steinnýjarstaðir*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga BSk 2009/89. Rannsóknarnr. MÍ: 1551. / Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson 2010. *Fornleifaskráning Skagabyggðar: Örlygsstaðir, Hlíð, Kurfur, Hróarsstaðir, Hólmi, Krókur og Krókssel*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga BSk 2010/107. Rannsóknarnr. MÍ: 1662.)

Ein fornleif er metin í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, það er grjóthlaðin tóft í landi Örlygsstaða (**Örlygsstaðir-35**).

Tekið hefur verið tillit til minjanna og hönnun breitt til að lágmarka líkur á raski. Minjastofnun fer engu að síður fram á að minjarnar verði girtar af eða merktar með greinilegum hætti meðan á framkvæmdatíma stendur. Minjastofnun Íslands gerir ekki aðrar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort

Guðmundur Stefán Sigurðarson

Minjavörður Norðurlands
vestra
gudmundur@minjastofnun.is

verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Guðmundur Stefán Sigurðarson
Minjavörður Norðurlands vestra